

9. gr.

B-liður 61. gr. orðist svo:

Ákvæði 46. gr. taka til myndrita og hljóðrita hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd, en réttur til endurgjalds samkvæmt 3. og 4. málsg. 11. gr. fylgir aðeins upptökum sem gerðar eru hér á landi eða í ríkjum sem veita íslenskum upptökum sams konar rétt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Menntamálaráðuneytinu er þó heimilt að fresta því að setja reglur samkvæmt 1. gr. um innheimtu gjalds af myndböndum og tækjum til upptöku á myndbönd.

11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál höfundalaga, nr. 73 29. maí 1972, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 43 30. apríl 1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal útflutningsgjald af lagmeti framleiddu úr grásleppuhrognum vera 1,70% af f.o.b.-verðmæti.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi svohljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Útflutningsgjald skv. 3. tl. 3. gr. skal greitt inn á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands uns skuld Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda við bankann er að fullu greidd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.